

Fundur í Gammadeild, haldinn í Landakotsskóla 13.9.2022.

Hrefna setur fundinn og kveikir á kertum.

Hrefna útskýrir þema vetrar sem er **Grunnhugmyndir farsældar**. Hún útskýrir fimm víddir farsældar sem eru

1. Menntun
2. Jafnræði
3. Heilsa og vellíðan
4. Öryggi og vernd
5. Samfélagsleg þátttaka

Hrefna kynnir nýja stjórn sem er skipuð Hrefnu sem er formaður, Sigrún varaformaður, Ingibjörg ritari, Bjarnís Fjóla meðstjórnandi og Hanna gjaldkeri.

Ingibjörg tekur nafnakall.

Kristrún kemur með orð til umhugsunar. Hún vill ræða mikilvægi þess „að fara vel með“. Hún rakti söguna af vinnumanni sem vék sér inn hjá kaupmanni og vildi fá lánaðan hníf til að leysa hnút á reipi. Vinnumaður spurði hvernig kaupmaður hefði orðið svona ríkur og svaraði þau kaupmaður að bragði, „ég leysi hnútinn“ og gat hann þá notað snærið aftur.

Kristrún veltir því fyrir sér hvernig fólk virtist vera tilbúið að tileinka sér annan hugsunarhátt í hrininu en þegar landið fór að rísa var aftur horfið til fyrri háttar og neyslu.

Hún vitnar í Rakel Garðarsdóttur sem stofnaði samtökin Vakandi. Hún segir að breytingar verða að byrja hjá okkur sjálfum, ekki hjá öðrum eða hjá fyrirtækjum eða hinu opinbera.

Kristrún segist sjálf hafa fæðst inn í sjálfbært sjálfspurrtarsamfélag í sveitinni fyrir Norðan. Það hafi verið sjálfbært í tvennum skilningi; bæði efnahagslega og menningarlega. Á fimmta og sjötta áratugnum verða breytingar í samfélaginu en hugarfarið sem fólkið hafði tileinkað sér breytist ekki. Hún segir fólkið sitt aldrei hafa lifað skort en farið vel með og - leyst hnútinn og átt snærið. Allt var framleitt á sem bestan og hreinlegasta háttinn. En hugmyndin um Best fyrir eða síðasti sölundagur var ekki til. Treyst var á sjónskin, þefskin og bragðskin til að átta sig á hvort matur væri skemmdur. Hún segist hafa upplifað aðra hugsun hjá fólki sem ekki hefur alist upp í þessu samfélagi og þeim reynist auðveldara að henda mat ef minnstu merki sjást um að hann sé ekki glænýr.

Að fara vel með stuðlar að farsæld einstaklingsins. Eins og Rakel segir – allir græða – betri heimur – og þyngri budda.

Erum við fullorðna fólkið nógu meðvitað um mikilvægi þess að sýna fordæmi, ala upp nýja kynslóð. Að vera meðvitaður neytandi, vanda sig við að kaupa inn og skipuleggja sig – og hætt að henda mat. Fara vel með innan skynsamlegra marka. Hún stingur upp á að fá mögulega gesti á fundi vetrar til að ræða betur um þessi málefni.

Sigrún Aðalbjarnardóttir kynnir Evu Harðardóttir. Hún er uppeldis og menntunarfræðingur og kennari á menntavísindasviði og er rétt að ljúka doktorsgráðu sinni. Hún kenndi áður við

Menntaskólann á Akureyri. Sigrún segir hana hugsa mjög stórt og hún gangi í verkefni – sbr tiltill fyrirlestrar – **Að undirbúa börnin fyrir samtíð, framtíð og sameiginlegan heim**. Eva hefur búið víða um heim, meðal annars í Malaví í þrjú ár með fjölskyldu sinni þar sem hún var á vegum Unesco til að hjálpa heimamönnum að þróa menntakerfið. Sigrún kynntist Evu fyrir 30 árum þar sem hún skrifaði BA ritgerð með aðstoð Sigrúnar. Sigrún fékk hana svo til að vinna með sér að kennsluefni um borgaravitun ungmenna í lýðræðisþjóðfélagi. Hafa þær skrifað margt saman í erlend fræðirit gegnum tíðina.

Eva er formaður fræðslunefndar í Hvergerði.

Eva byrjar fyrirlestur sinn með því að segja frá mynd sem geimfarar tóku af jörðinni 1972. Hún talar um að þarna hafi í fyrsta sinn komið þetta stjórnhorn á heiminn og það hafi valdið hugarfarsbreytingu – The overview affect. Þá fékk fólk víðara sjónarhorn á heiminn og horfði á annan hátt á sjálfan sig í heiminum. Þetta sé henni hugleikið – hvernig hægt er að horfa á hlutina með nýjum hætti, hverjum tilheyrur við? Sú spurning þurfi að fá meira rými í kennslu barna og ungmenna.

Nemendur í M.A. áttu að skoða í hvernig aðstæður þeim finndist þau tilheyra – og hvar ekki? Þá tilfinningu áttu nemendur að endurspegla með ljósmynd. Einn nemandinn skilaði inn mynd af kennslustofunni og himingeymnum. Sá elskaði að læra og vera í skóla en henni fannst erfitt að aðlagast sig að skólastarfi þar sem nemendur sitja í löngum röðum og bíða eftir að vera sett í hópa og flokkuð. Stundum finnst henni hún ekki tilheyra í þessu samhengi. Hin myndina af himingeymnum sagði hún að byggi bæði í höfði sínum og á himninum. Með verkin sínu var nemandinn að kalla eftir sveigjanleika til að vaxa og dafna – og **að verða**.

Eva segir að þetta hugtak – **að verða** sé henni hugleikið og man skýrt eftir hvenær það kviknaði í tengslum við menntun. Það gerðist þegar hún las bókina The order of tíma eftir Carlo Rovelli sem er eðlisfræðingur. Í bókinni er fjallað um eðlisfræði en þar sé líka mikið af ljóðum og heimspeki. Carlo segir að stærstu mistök in menntun hafi verið þegar náttúruvísindi og hugvísindi voru aðgreind – þetta sé allt eitt. „the evolution of science would **suggest that the best grammar for thinking about the world is that of change, not of permanence** – og Evu finnst að hægt sé að skipta út world og education.

Re-imagining our futures together – a new social contract for education – er ný skýrsla frá Unesco um menntun. Þar endurspeglast djúp stefnumótun sem sett er fram út frá heimarkmiðum. Learning to become – læra að verða var vinnutitill skýrslunnar.

Þegar Eva kom til Malaví voru þúsaldarmakrmið að renna sitt skeið og unnið að nýjum heimarkmiðum. Hópurinn sem Eva vann með aðlagði heimarkmiðin að þörfum Malaví og litu svo á að heimarkmiðin yrðu að vera hugsuð með þeim hætti að allir ættu að axli jafna ábyrgð – ekki síst ríkari þjóðirnar. Markmið númer 17 þar sem talað er um samvinnuna er mögulega mikilvægast. Henni finnst þessi sýn um samvinnu og að allir leggi sitt af mörkum endurspeglit í grunnhugmynd farsældarinnar. Samvinnan tekur tíma og er flókin en þetta sé eina leiðin til að ná nýjum flötum fram.

Hún tekur sem dæmi af vinnunni í Malaví þar sem leitað var til eins margra ólíkra aðila og unnt var til að svara spurningunni - Hvað kemur í veg fyrir að stúlkur í Malaví sæki skólann og njóti menntunar og nýti menntun til framtíðar. Hópurinn fann sex þætti sem skoðaðir voru sérstaklega; Endurkoma stúlkna í skóla og nám, kynheilbrigði og kynfræðsla, öruggt skólaumhverfi, samfélag sem styður við menntun skóla, gæði kennslu og náms, og skólamáltíðir í grunnskólum.

Á Íslandi er til frábær tæki og tól til sem eru grunnþættir menntunar sem líta má á sem systrahjól heimsmarkmiðunu. Okkar að skapa tengingu á milli grunnþáttana og heimsmarkmiðanna.

Uppáhald Evu er marmið 4. 7. þar sem stefnt er að því að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund (global citizenship – líka þýtt sem hnattræn borgarvitun). Það þurfi að gefa þessu miklu meiri gaum. Hnattræn borgarvitun vísar til þess að hafa vitund um víðara samfélag og sameinginlega mennsku. Hún leggur áherslu á að fólk sé hvert öðru háð í pólitísku, efnahagslegu, félagslegu og mennignarlegu tilliti og að hið staðbundna og þjóðlega og alþjóðlega sé samtvinnuð (þýðing Ólfs Páls).

Sigrún skilgreinir borgarvitund: Í raun er borgaraleg vitund hollustueiður við siðferðileg og pólitísk gildi í þágu samfélagsins.

Hér er gert ráð fyrir að borgarvitund feli ekki einungis í sér vitund um tiltekin réttindi og skildur heldur felist einnig í henni skuldbinding og ábyrgð fyrir samfélaginu og grundvallargildum þess.

Hugsun og hegðun – það er lykilatriði.

Skrif Sigrúnar rýma við skrif tveggja kvenna – Hönnu Arent (1906) pólitískur hugsuðu og heimspekingur sem skrifaði mikið um hugsun og hegðun og – Vanessa Andreotti (1970) frá Brasilíu sem segir að menntun eigi að hafa það markmið að nemendur læra að elska heiminn og tengjast honum og þannig taka ábyrgð á honum. Hún segir að það séu fyrst og fremst börn og ungmenni sem eigi að móta heiminn því þau búi yfir einstöku umbreytingarafli og geti í raun ein breytt heiminum eftir sínum hugmyndum.

Þegar Eva kenndi í MA bjó hún til áfanga árið 2018 þar sem ungu fólki var gefið rými til að móta með sér hugmyndir um heiminn og hvað þau vildu gera í heiminum. T.d. þrjár stúlkur sem ákvaðu að kaupa engin ný föt, nýttu allt sem þær áttu og voru með frábært erindi í lok annar. Tóku saman það ótrúlega magn sem hver og einn notar af fötum. Í áfanganum lásu nemendur fjölbreyttar heimsbókmenntir (Glæpur við fæðingu, Litla Land, Kona í hverfpunkti og Sakfellingu) og spegðu heimsmarkmiðin í þeim.

Eva endaði erindi sitt á Hönnu Arent. Menntun er sá tímunktur þar sem við ákveðum hvort við elskum heiminn nógu mikið til að axla ábyrgð á honum og að sama skapi að bjarga honum frá eyðileggingu – sem ef ekki fyrir endurnýjun og ef ekki fyrir hina nýju og ungu, er óumflýjanleg (The crises in education 1954).

Krístún spyr hvað svo. Hefur námið breytt einhverju hjá unga fólkinu? Eva: Áhersla var lögð á að miðla hugmyndum áfram út í samfélagið. Fyrsti hópurinn bauð forseta Íslands að koma og hlusta. Fyrirtæki var stofnað – Gaja Global. Einn nemandinn fékk mikinn áhuga á samfélagsfræðum og er nú að læra um mannréttindi á háskólastigi.

Árný spyr hvernig verkefnið haldi áfram eftir að Eva hætti að kenna. Hún segir að nú sé verkefnið kennt af tveimur kennurum og gangi vel.

Krístún spyr um vinnuna í Malaví. Eva vann þar í stefnunarmótunaraðstoð þar sem 70% fólksins í vinnuhópnum var frá Malaví. Hún starfaði inn í menntamálaráðuneytinu. Það tók langan tíma að byggja upp traust og koma á samvinnu. Hún segir að sá sem gefur fjármagnið vilji hafa mikið að segja um hvernig því sé varið og því hafi verið Malavímenn verið á varðbergi – en eftir nokkur tíma hafi þeir hleypt sér að. Verkefnið sem Eva vann að hefur fengið áframhaldandi brautargengi.

Árnýju var færð rós og ljóð eftir Vilborgu Dagbartsdóttur í tilefni af sjötugs afmæli hennar.

Fundi var slitið og kaffiveitingar frambornar.